

Ársfundur 2015 v. 2014

Fundarstaður : Verkalýðshúsið, Helli.

Fundartími : Fimmtudagur 13. maí 2015, kl. 20.00.

Óskar Pálsson, formaður, bauð fundarmenn velkomna og setti fund formlega. Tillaga borin upp um að Óskar Pálsson taki að sér fundarstjórn og að Unnur Elín Jónsdóttir riti fundargerð. Samþykkt samhljóða.

Mætt: Óskar Pálsson, Már Guðnason, Eydís Þ. Indriðadóttir, Þröstur Sigurðsson, Guðrún Elín Pálsdóttir, Pétur Magnússon, Gróa Ingólfssdóttir, Ingólfur Rögnvaldsson, Ólafur Gylfason, Árni Þorgilsson, Ólafía B. Ásbjörnsdóttir, Marínó Örn Tryggvason og Unnur Elín Jónsdóttir

Gengið til dagskrár. Óskar stýrði fundi


**Fundarefni:**

**1. Skýrsla stjórnar**

Þröstur flutti skýrslu stjórnar. Hrein eign sjóðsins í árslok til greiðslu lífeyris var 8.368,4 milljónir kr. og hækkaði frá fyrra ári um 613,5 milljónir kr. eða 7,9%. Fjöldi sjóðfélaga með réttindi var 9.909 í árslok 2014. Meðaltal fjölda sjóðfélaga á árinu, þ.e. þeir sem greiddu iðgjöld til sjóðsins á árinu var 897 en var 925 árið 2013.

Iðgjaldtekjur á árinu 2014 námu 398,7 millj.kr. sem er um 19,4% hækkun frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur námu 207,8 millj.kr., sem er 13,3 % aukning frá fyrra ári. Meðaltal fjölda lífeyrisþega á árinu 2014 var 545 en 508 árið 2013.

1



Rekstrargjöld námu 21,7 millj.kr., sem er 5,5 % af iðgjaldatekjum ársins og ef miðað er við hreina eign til greiðslu lífeyris þá er hlutfall rekstrarkostnaðar um 0,26 % samanborið við 0,35 % árið 2013.

Kostnaður við rekstur sjóðsins lækkar nú töluvert milli ára. Má það rekja til kostnaðarauka sem varð á árinu 2013 vegna breytinga á rekstrarfyrirkomulagi sjóðsins og einskiptis kostnaðar á árinu vegna gjaldaliða ársins á undan.

Af heildareign sjóðsins eru eignir í innlendum og erlendum verðbréfasjóðum og innlendum hlutabréfum 2.251 milljónir kr. eða um 26,9%. Eign í innlendum og erlendum skuldabréfum nemur um 5.169 milljónir kr. eða um 61,8% af heildareign sjóðsins. Heildarávöxtun sjóðsins á árinu 2014 var 5,3% en raunávöxtun var 4,23% samanborið við 4,43% raunávöxtun 2013.

Stjórn sjóðsins fundaði með formlegum hætti alls 11 sinnum á starfsárinu. Að auki voru haldnir 2 sameiginlegir fundir með endurskoðunarnefnd sjóðsins vegna ráðningar á nýjum endurskoðanda sjóðsins. Eftir útboð þá var ákveðið að fá Deloitte til verksins.


Almennt hefur rekstur sjóðsins gengið vel á liðnu ári. Samstarf við rekstraraðila hefur verið með ágætum og allir þættir í starfi sjóðsins sem snúa að opinberum eftirlitsaðilum eru í föstum skorðum. Innri endurskoðun Arion banka hefur tekið út starfsemi sjóðsins á árinu 2014 og er staða sjóðsins í meginatriðum góð.

Þó að gjaldeyrishöft séu enn þá hafa ýmis spennandi fjárfestingarverkefni komið til á árinu 2014. Hefur verið mun meira um að vera en áður og er það vel.

Tryggingafræðileg úttekt fyrir árið 2014 liggur fyrir. Staða sjóðsins hefur versnað á milli ára. Staða sjóðsins er þó innan þeirra marka sem eru áskilin samkvæmt lögum um lífeyrissjóði. Versnandi tryggingafræðileg staða sjóðsins er áhyggjuefni. Stjórn fól tryggingafræðingi og framkvæmdastjóra að skoða mögulegar leiðir til úrbóta. Tillögur um breytingar á réttindatöflu sjóðsins liggja fyrir fundinum.

**Már Guðnason spyr** hvað gerir það að verkum að tryggingafræðilegstaða versnar á milli ára ?

Pröstur sagði að samhliða aukinni ævilengd landsmanna þá væri stöðug aukning á fjölda lífeyrisþega. Stór skýring er líka að réttindatöflur sjóðsins hafa ekki verið



uppfærðar um langt skeið og því má segja að sjóðurinn hafi verið að skaffa réttindi umfram forsendur.

## 2. Kynning ársreiknings

Framkvæmdastjóri lagði fram og kynnti ársreikning ársins 2014. Helstu niðurstöður eru í þús. kr. :

Iðgjöld	398.697
Lífeyrir	207.761
Fjárfestingartekjur	470.560
Fjárfestingargjöld	31.873
Rekstrarkostnaður	21.753
Hækkun á hreinni eign	613.474
Hrein eign í árslok 2014	8.368.391


Framkvæmdastjóri fór yfir rekstur, efnahag og sjóðstreymi ársins og helstu breytingar á milli ára 2013 og 2014 svo sem útgreiðslur, innborguð iðgjöld, kaup á verðbréfum og aðrar fjárfestingar.

Að lokum fór framkvæmdastjóri yfir helstu skýringar í ársreikningi og samanburð milli ára.

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og ársreikning.

**Árni Þorgilsson** spyr um stöðu mála varðandi eignarhlut sjóðsins í Verkalýðshúsinu ehf.? Þröstur sagði frá því að þetta félag var stofnað utan um eign sjóðsins, Verkalýðsfélags Suðurlands og Fit í fasteigninni Suðurlandsvegi 3. Liggur fyrir að eignarhlutur sjóðsins er of hár miðað við lög sem gilda um hámarks eign í hlutafélagi (36% en á að vera undir 15%). Þröstur sagði frá því að nú um langt skeið hafi verið unnið að breytingum. Það nýjasta í stöðunni er samruni þ.e. að sameina Verkalýðshúsið ehf. og Suðurlandsveg 1-3 ehf. Þar með eignast eigendur Verkalýðshússins ehf. beinan eignarhlut í Suðurlandsvegi 1-3 ehf. Þar með lækkar hlutfallsleg eign sjóðsins niður fyrir sett mörk. Gerum ráð fyrir að ljúka þessu verkefni nú í sumar.

3



*Fundarstjóri bar ársreikning upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.*

### **3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt**

Framkvæmdastjóri sjóðsins, fór yfir og kynnti niðurstöður úttektar á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins. Niðurstaða athugunar á stöðu sjóðsins í árslok 2014 er að það vantar kr. 673 milljónir til að sjóðurinn eigi fyrir áföllnum skuldbindingum eða 8% og kr. 1.234,2 milljónir vantar til að sjóðurinn eigi fyrir heildarskuldbindingum eða 8,2%.

Samanburður milli ára leiðir í ljós að staða sjóðsins versnar. Skuldbindingar hafa verið að aukast ár frá ári. Skýrist það af hárrí réttindaávinnslu og því að lífaldur fer hækkandi. Liggur fyrir að þessi niðurstaða krefst ekki beinna aðgerða, staðan er innan þeirra marka sem kveðið er á um í lögum. Liggur þó fyrir að stjórn og tryggingafræðingur sjóðsins hafa verið að skoða leiðir til úrbóta og fyrir fundinum liggur tillaga um breytingu á réttindatöflu sjóðsins.

Fundarstjóri gaf orðið laust um tryggingafræðilega úttekt.

Már Guðnason spyr um tryggingafræðilegastöðu sjóðsins og réttindatöflur? Marínó svaraði spurningu frá Má, hann sagði að framtíðarskuldbindingar sjóðsins væru að vaxa, þess vegna hefði verið réttara og eðlilegra að breyta réttinda ávinnslu reglulega. Þannig væri verið að stilla betur af áunnin réttindi á hverjum tíma.

### **4. Fjárfestingarstefna sjóðsins**

**Marínó Örn Tryggvason** forstöðumaður Eignastýringar fagfjárfesta Arion banka fór yfir skýrslu eignastýringar. Hann fór yfir þróun markaða 2014 í samanburði við 2013.

Hann sagði raunávöxtun sjóðsins á árinu 2014, sem var á kaupkröfu 4,2%. Hann fór yfir ávöxtun sjóðsins í samanburði við viðmið, í öllum flokkum er sjóðurinn að gera betur nema í erlendu hlutabréfunum. En sjóðurinn á litlar eignir í erlendum hlutabréfum. Marínó fór yfir niðurbrot ávöxtunar niður á eignaflokka, allir flokkar voru að gefa jákvæða ávöxtun á árinu. Marínó fór yfir meðaltal ávöxtunar sjóðsins síðustu 18 árin.

Því næst fór hann yfir eignasamsetningu sjóðsins. Hann fór yfir breytinguna á milli áranna 2013 og 2014. Hann fór yfir sundurliðun skuldabréfasafns sjóðsins og þróun innlendra hlutabréfa á Íslandi.

Hann fór yfir hvernig árið 2015 byrjaði. Fór yfir þróun markaða í samburði við sama tíma 2014. Hann sagði árið fara afskaplega vel af stað, raunávöxtun sjóðsins frá áramótum væri 2,2% þ.e.a.s. hækkun sjóðsins frá áramótum.

Marinó fór yfir fjárfestingastefnu sjóðsins fyrir árið 2015 og ræddi markmið stefnunnar. Stjórn sjóðsins setur fjárfestingastefnuna samkvæmt lögum. Nú sem áður er grunnurinn í stefnunni varfærinn, áherslan er á að hafa mikið í verðtryggðum bréfum til að koma á móts við lífeyrisgreiðslur í framtíðinni. Marinó sagði að áfram væri horft til að hafa varfærna fjárfestingastefnu og að lítið væri um breytingar frá árinu áður. Markmið stefnunnar er fyrst og fremst að standa undir skuldbindingum sjóðsins.



Fundarstjóri gaf orðið laust um fjárfestingastefnu sjóðsins fyrir árið 2014. Enginn kvaddi sér hljóðs.

## 5. Stjórnarkjör

Framkvæmdastjóri sagði frá því að Samtök atvinnulífsins hafa skipað Eyðísi Þ. Indriðadóttur sem aðalmann til ársfundar 2017 og Sigurð Sigurðsson sem varamann til sama tíma. Óskar Pálsson og Drífa Hjartardóttir eru skipuð sem aðal- og varamaður í stjórn til ársins 2016.

Frá Verkalýðsfélagi Suðurlands liggur fyrir tilnefning um Má Guðnason sem aðalmann í stjórn til ársfundar 2016 og Guðrúnu Elínu Pálsdóttir til ársfundar 2017. Verkalýðsfélagið tilnefnir jafnframt Pétur Magnússon sem varamann í stjórn til ársfundar 2017.

Félag iðn- og tæknigreina tilnefnir Ólafíu Bjarnheiði Ásbjörnsdóttur sem varamann í stjórn til ársfundar 2016.

Aðrar tillögur bárust ekki. Fundarstjóri bar upp tillögurnar til samþykktar eða synjunar.

Tillögurnar voru samþykktar samhljóða.

Fundarstjóri óskaði nýjum stjórnarmönnum velfarnaðar í nýju starfi.

Framkvæmdastjóri og stjórn sjóðsins þakkar fráfarandi stjórnarmanni Heimi Hafsteinssyni fyrir gott og farsælt samstarf á liðnum árum.

## 6. Tillögur um breytingar á samþykktum

Í fundarboði ársfundar kom fram að fyrirhugaðar væru breytingar á samþykktum sjóðsins. Tillögur til breytinga á samþykktum voru síðan sendar til aðildarfélaga innan tilskilins tímafrests og hafa þær sömuleiðis legið frammi á skrifstofu sjóðsins og á heimasíðu.

Framkvæmdastjóri fór yfir og kynnti fyrirleggjandi tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins. Hann fór yfir hverja breytingu fyrir sig. Um er að ræða breytingar á greinum 9.6, 12.9 og 18.3.

### Tillögur samþykktar til framlagningar á stjórnarfundi 21. apríl 2015.

#### **Grein 9.6.**

##### **Var :**

.... Þó ber lífeyrissjóðurinn ekki ábyrgð á réttindum sjóðfélaga vegna þeirra iðgjalda, sem glatast við gjaldþrot, og Ábyrgðarsjóður launa ber ekki ábyrgð á, skv. 6. grein laga nr. 53/1993. ( Um er að ræða stjórnarmenn og stjórnendur gjaldþrota fyrirtækis, maka þeirra og skyldmenni, skv. nánari reglum stjórnar Ábyrgðarsjóðs launa)

##### **Verður :**

.... Þó ber lífeyrissjóðurinn ekki ábyrgð á réttindum sjóðfélaga vegna þeirra iðgjalda, sem glatast við gjaldþrot, og Ábyrgðarsjóður launa ber ekki ábyrgð á, skv. ~~10. gr. 6. gr.~~ laga nr. 88/2003 um Ábyrgðarsjóð launa 53/1993. (Um er að ræða m.a. stjórnarmenn og stjórnendur gjaldþrota fyrirtækis, maka þeirra og skyldmenni, skv. nánari reglum stjórnar Ábyrgðarsjóðs launa).

##### **Skýring:**

Tilvísun til laga um Ábyrgðarsjóð launa er uppfærð miðað við núgildandi lög nr. 88/2003 um Ábyrgðarsjóð launa.

#### **Grein 12.9**

##### **Var :**

Skylt er öryrkja sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem

nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris og ef nauðsynlegt er, gangast undir læknisskoðun hjá trúnaðarlækni sjóðsins. Berist ekki fullnægjandi gögn og upplýsingar frá sjóðfélaga og hann\_sinnir ekki tilmælum sjóðsins þar að lútandi skal umsókn hans vísað frá. Heimilt er að fengnu álitu trúnaðarlæknis að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu, sem bætt gæti heilsufar hans enda sé þess gætt að slík endurhæfing standi honum til boða og aðstæður viðkomandi leyfi að hann nýti sér hana. Endurmat á orkutapi skal fara fram að lokinni endurhæfingu.

#### **Verður :**

Skylt er öryrkja sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris og ef nauðsynlegt er, gangast undir læknisskoðun hjá trúnaðarlækni sjóðsins. Berist ekki fullnægjandi gögn og upplýsingar frá sjóðfélaga og hann\_sinnir ekki tilmælum sjóðsins þar að lútandi skal umsókn hans vísað frá. **Þá er örorkulífeyrisþegum skylt að upplýsa sjóðinn um breytingar á högum sínum að því marki sem þær kunna að hafa áhrif á rétt til greiðslu örorkulífeyris eða fjárhæð hans, svo sem er varðar heilsufar eða tekjur.**

Heimilt er að fengnu álitu trúnaðarlæknis að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu, sem bætt gæti heilsufar hans enda sé þess gætt að slík endurhæfing standi honum til boða og aðstæður viðkomandi leyfi að hann nýti sér hana. **Trúnaðarlæknir sjóðsins, eða eftir atvikum annar sérfróður þjónustuaðili sem sjóðurinn velur, skal leggja mat á það hvort líklegt sé að skipulögð endurhæfing muni skila árangri og þá gera áætlun um endurhæfinguna og umfang hennar.**

Endurmat á orkutapi skal fara fram að lokinni endurhæfingu.

#### **Skýring:**

Lagt er til að gerð sé krafa um að örorkulífeyrisþegar upplýsi sjóðinn um breytingar á högum sínum sem kunna að hafa áhrif á rétt til greiðslu örorkulífeyris eða fjárhæð hans. Einnig er lagt til að tekið verði fram í samþykktunum hverjir hafi heimild til að meta hvort líklegt sé að skipulögð endurhæfing muni skila árangri og þá gera áætlun um endurhæfinguna og umfang hennar.

#### **Grein 18.3.**

Er :

Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftirá, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð, er lífeyrisréttur myndaðist, og síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknuð frá byrjun mánaðar, er umsókn berst sjóðnum. Úrskurður skv. þessu skal þá miðast við réttindareglur eins og þær hafa verið á umræddu tímabili og lífeyrir skv. verðlagi hvers tímabils. Vextir greiðast ekki á lífeyrisgreiðslur. Lífeyrir skv. umsókn um töku ellilífeyris fyrir hinn almenna ellilífeyrisaldur sbr. gr. 11.3. og 10.5.

Ug



greiðist þó fyrst frá upphafi þess mánaðar er umsókn berst sjóðnum. (Ákvæði lokamálsliðar þessarar greinar taki gildi þann 1. janúar 2007.)

Verður :

Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð, er lífeyrisréttur myndaðist, og síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Ellilífeyrir er greiddur frá og með næsta mánuði eftir að umsókn berst sjóðnum. Berist umsókn um ellilífeyri eftir að 70 ára aldri er náð er heimilt að greiða ellilífeyri aftur í tímann til 70 ára aldurs. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en fjögurtvö ár, reiknuð frá byrjun mánaðar, er umsókn berst sjóðnum. Úrskurður skv. þessu skal þá miðast við réttindareglur eins og þær hafa verið á umræddu tímabili og lífeyrir skv. verðlagi hvers tímabils. Vextir greiðast ekki á lífeyrisgreiðslur. Lífeyrir skv. umsókn um töku ellilífeyris fyrir hinn almenna ellilífeyrisaldur sbr. gr. 11.3. og 10.5. greiðist ~~þó fyrst~~ frá upphafi þess mánaðar er umsókn berst sjóðnum. (Ákvæði lokamálsliðar þessarar greinar taki gildi þann 1. janúar 2007.)

Skýring:

Lagðar eru til breytingar á ákvæðinu með hliðsjón af túlkun sem Fjármálaeftirlitið hefur gefið út. Þar er m.a. tekið fram að lífeyrissjóðum sé óheimilt að úrskurða sjóðfélögum ellilífeyri aftur í tímann og greiða með eingreiðslu þegar taka lífeyris hefst. Jafnframt er tekið fram að túlkunin taki ekki til þeirra atvika þegar greiðsluskylda lífeyrissjóðs hefur þegar stofnast. Um fyrningu slíkra kröfuréttinda fari skv. lögum um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007.


Þá er lagt til að tveggja ára tímafrestur samkvæmt ákvæðinu verði lengdur í fjögur ár með hliðsjón af lögum um fyrningu kröfuréttinda.

*Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs. Fundarstjóri bar upp tillögurnar til breytinga á samþykktum sjóðsins til samþykktar eða synjunar. Tillögurnar bornar upp allar saman að fengnu leyfi fundarins. Tillögurnar voru samþykktar samhljóða.*

## 7. Laun stjórnarmanna

Framkvæmdastjóri kynnti tillögu stjórnar um laun stjórnarmanna fyrir tímabilið júní 2015 til og með maí 2016. Almenn stjórnarlaun verði kr. 65.000,- á mánuði. Varaformaður (ritari) er með 25% álag og laun verði því kr. 81.250,- á mánuði. Formaður stjórnar er með 50% álag og laun verði því kr. 97.500,- á mánuði.

Varamaður stjórnar fær kr. 30.000 fyrir hvern setinn fund. Árslaun varamanna skulu þó að lágmarki vera samsvarandi 1 x mánaðarlaunum almenns stjórnarmanns.

  
8



Að auki skal greiða allan útlagðan kostnað s.s. vegna aksturs á stjórnarfundum eða aðra þá fundi sem stjórnarmenn þurfa að sækja vegna stjórnarsetu sinnar.

Um er að ræða óbreytt stjórnarlaun aðalstjórnarmanna á milli ára en breytingu hvað varðar laun varamanna.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan borin upp.

*Tillagan var samþykkt samhljóða.*

## **8. Kjör endurskoðanda**

Framkvæmdastjóri kynnti tillögu stjórnar. Að fengnu álitum endurskoðunarnefndar sjóðsins, er það tillaga stjórnar að Pálína Árnadóttir, löggiltur endurskoðandi hjá Deloitte ehf., verði endurskoðandi sjóðsins árið 2015.

*Tillagan var samþykkt samhljóða.*

## **9. Önnur mál**

Þróstur sagði frá vinnu tryggingafræðings við leiðir til úrbóta hvað varðar tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Helst var það réttindatafla I sem var skoðuð m.t.t. lækunar. Jafnframt var kostnaður vegna ársins 2013 skoðaður. Það ár var nokkuð frábrugðið öðrum hvað varðar kostnað við rekstur sjóðsins og var það vegna breytinga á rekstrarfyrirkomulagi og einskiptiskostnað vegna þess, auk einstakra kostnaðarliða sem koma fram á árinu 2013 vegna 2012. Þegar tekið er tillit til þessa og kostnaður lækkaður vegna ársins 2013 og að auki voru réttindatöflur sjóðsins lækkaðar um 10%. Við þessar breytingar og endurútreikning varð tryggingafræðileg staða þ.e. vegna áunninna skuldbindinga -7,4% og heildarstaða -4,6%.

Tillaga stjórnar er því að lækka réttindatöflu sjóðsins um 10%, sjá nánar meðfylgjandi tillögu. Breytingin mun taka gildi um næstu áramót.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Spurning: Mær spyr hvað þurfum við að gera til að hækka réttindin eða snúa af þessari braut. Marínó sagði, þá þarf fólk að lifa skemur þ.e. að meðalævin að



stýttast. Hingað til hefur þróunin verið í hina áttina og því hefur réttindaávinnslan eða skuldbindingar sjóðanna verið að aukast. Breyting á réttindatöflu er því liður í að leiðrétta þetta og hefur þá áhrif á réttindavinnslu frá áramótunum næstu en hefur ekki áhrif á þau réttindi sem þegar eru áunnin.

*Tillagan var samþykkt samhljóða.*

Fleira var ekki rætt.

Fundarstjóri þakkaði góðan fund og óskaði fundarmönnum góðrar heimferðar og sleit fundi formlega kl. 21:50.



Fundarstjóri:

Óskar Pálsson



Fundarritari:

Unnur Elín Jónsdóttir